

Viðhorf höfuðborgarbúa til þjónustu og starfa lögreglunnar

Júlí, 2021





Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Lögreglustjórn á höfuðborgarsvæðinu
Markmið rannsóknar	Að kanna viðhorf landsmanna til þjónustu og starfa lögreglu
Dagsetning skýrsluskila	12. júlí 2021

Ábyrgðaraðilar

Útgefandi	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Skýrsluhöfundur	Margrét Valdimarsdóttir

Vinsamlegast vísið í skýrsluna á eftirfarandi hátt:
Margrét Valdimarsdóttir (2021). *Viðhorf höfuðborgarbúa til þjónustu og starfa lögreglu*. Reykjavík:
Félagvísindastofnun Háskóla Íslands.



EFNISYFIRLIT

Helstu niðurstöður	4
Inngangur	5
Aðferðir	5
Úrtak og svörun könnunar	5
Úrvinnsla	6
Niðurstöður.....	8
Viðhorf til starfa lögreglu.....	8
<i>Aðgerðir lögreglu við að framfylgja reglum og takmörkunum vegna COVID-19.....</i>	<i>8</i>
<i>Mat á árangri lögreglu við að stemma stigu við afbrotum</i>	<i>11</i>
Sýnileiki lögreglu.....	14
Aðgengi að lögreglunni.....	17
Traust til lögreglu og viðhorf til heiðarleika og lögmæti lögreglu	20
<i>Traust til lögreglu</i>	<i>20</i>
<i>Lögmæti lögreglu</i>	<i>24</i>
<i>Heiðarleiki lögreglu</i>	<i>29</i>
Samskipti við lögreglu.....	30

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Þrír af hverjum fjórum höfuðborgarbúa styðja aðgerðir lögreglu við að framfylgja reglum og takmörkunum vegna COVID-19. Þetta er nokkuð lægra hlutfall en mældist í könnun árið 2020 þegar 89% höfuðborgarbúa sagðist styðja aðgerðirnar heilshugar.
- Mikill meirihluti höfuðborgarbúa telur lögreglu skila góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi, eða um 80%. Þetta er örlítill lækkun frá því í fyrra. Hlutfall fólks sem taldi lögreglu hafa skilað góðu starfi var í sögulegu hámarki árið 2014 þegar 92% taldi lögreglu hafa skilað góðu starfi.
- Mat íbúa á höfuðborgarsvæðinu á sýnileika lögreglu er svipað og það hefur verið undanfarin ár. Um 16% verður var við lögreglu eða lögreglubíl í sínu hverfi oftari en einu sinni í viku en um 10% segjast aldrei sjá lögreglu. Mikill munur er á sýnileika lögreglu eftir búsetu. Tæplega helmingur þeirra sem búa í miðbænum eða Gamla Vesturbænum sjá lögreglu oftari en einu sinni í viku en rétt yfir 1% íbúa í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi eða í Kjósarhrepp.
- Flestir telja lögreglu í sínu hverfi aðgengilega, eða tæplega 72% sem er smávægileg aukning frá síðustu árum. Mat fólks á aðgengi að lögreglu er einnig nokkuð mismunandi eftir því í hvaða hverfi það býr. Íbúar í Breiðholti eru ólíklegastir til að telja lögreglu aðgengilega.
- Tæplega 8 af hverjum 10 íbúa á höfuðborgarsvæðinu bera traust til lögreglu og starfa hennar (78%). Þetta er 2 prósentustiga lækkun frá árinu 2020, og 4 prósentustiga lækkun frá 2019. Lækkunin skýrist fyrst og fremst af minna trausti á lögreglu í yngsta aldurshópnum (18 til 25 ára).
- Flestir höfuðborgarbúar eru því sammála að lögreglan sé lögmætt yfirvald (83%), hlutfallið lækkar þó niður í 63% þegar spurt er um hvort virða beri ákvarðanir lögreglu jafnvel þó maður telji þær rangar. Mikill meirihluti íbúa telja jafnframt lögreglu í sínu hverfi almennt heiðarlega og að hún vinni í þágu almennings.
- Um 29% leitaði eftir þjónustu eða aðstoð lögreglu á árinu 2020, sem er 6 prósentustigum lægra en árið 2019. Hlutfallslega flestir hringdu í Neyðarlínuna (112). Almennt var fólk á aldrinum 18 til 35 ára líklegra til að leita til lögreglu heldur en höfuðborgarbúar í eldri aldurshópum. Það var jafnframt marktækur munur eftir búsetu. Um 40% íbúa í miðborg, Gamla Vesturbænum, og í Hlíðunum leituðu eftir þjónustu eða aðstoð lögreglu á árinu 2020 samanborið við um 13% íbúa í Garðabæ og á Álftanesi. Flest sem leita til lögreglu eru ánægð með þjónustuna, eða um 78%.



INNGANGUR

Í skýrslunni er greint frá viðhorfum höfuðborgarbúa til aðgerða lögreglu vegna COVID-19, til starfa hennar við að stemma stigu við afbrotum, sýnileika og aðgengi að lögreglu, traust til lögreglu og viðhorf til lögmætis hennar og heiðarleika. Greint frá hlutfalli höfuðborgarbúa sem hefur leitað eftir þjónustu eða aðstoð lögreglu, og hversu ánægt eða óánægt fólk var með þjónustuna. Notaðar voru samskonar spurningar og hafa verið lagðar fyrir í könnunum síðustu ár og skoðaðar breytingar á viðhorfum milli ára. Viðhorf íbúa á höfuðborgarsvæðinu til lögreglu eru jafnframt greind eftir kyni, aldursflokki, búsetu og menntun. Skýrslan er unnin að beiðni lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

AÐFERÐIR

Úrtak og svörun könnunar

Niðurstöður könnunarinnar byggja á 2000 manna tilviljunarúrtaki íbúa á höfuðborgarsvæðinu úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Netpanell Félagsvísindastofnunar samanstendur af fólki 18 ára og eldra á landinu öllu sem hefur samþykkt að taka þátt í netkönnun á vegum stofnunarinnar. Ekki náðist í 30 einstaklinga (óvirk netföng) en alls svöruðu 1.060 einstaklingar könnuninni og var því heildarsvarhlutfall um 54%. Könnun var send út 24. maí 2021. Fjórar ítrekanir voru sendar með tölvupósti frá 27. maí til 13. júní 2021. Lokað var fyrir gagnaöflun 18. júní 2021. Svarendur könnunarinnar voru á aldrinum 18 til 90 ára.

Tafla 1. Framkvæmd og heimtur í könnun

Framkvæmdarmáli	Netkönnun
Upplýsingasöfnun	24.05.2021-18.06.2021
Fjöldi í úrtaki	2000
Fjöldi svarenda	1060
Brottfall	30
Svarhlutfall	54%

Úrvinnsla

Niðurstöður könnunarinnar byggja á vigtuðum gögnum þannig að úrtakið endurspegli þýði höfuðborgarbúa með tilliti til kyns, aldurs og menntunar. Gögnin eru vigtuð til að koma í veg fyrir skekkju sem myndast vegna kerfisbundins brottfalls ákveðinna hópa. Sem dæmi er fólk í eldri aldurshópum líklegra til að taka þátt í könnunum en yngra fólk og því meira brottfall meðal ungs fólks. Upplýsingar um hlutföll hvers hóps í þýði höfuðborgarbúa voru fengnar af vef Hagstofu Íslands í júní 2021. Í töflu 2 kemur fram að 14% fullorðinna íbúa á höfuðborgarsvæðinu eru á aldrinum 18 til 25 ára en svarendur í þessum aldurhópi voru rúmlega 7%.

Notast var við marktektarprófið kí-kvaðrat til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktekt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum (*). Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ($p < 0,05$). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist meðal svarenda sé einnig til staðar í þýði höfuðborgarbúa. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ($p < 0,01$) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ($p < 0,001$). Í þeim tilvikum þar sem munur var ómarktækur eru engin tákn. Skammstöfunin óg merkir að marktektarprófið hafi reynst ógilt vegna fámennis í hópum.

Spurningalistinn var hannaður af sérfræðingum hjá Ríkislögreglustjóra og hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við skýrsluhöfund. Niðurstöður eru greindar eftir kyni, aldri, menntun og búsetu. Búsetu er skipt upp í hverfi annars vegar og löggæslusvæði hins vegar. Póstnúmer á höfuðborgarsvæðinu tilheyra eftirfarandi löggæslusvæðum:

Löggæslusvæði 1: 101, 102, 103, 104, 105, 107, 108 og 170.

Löggæslusvæði 2: 210, 220, 221, 222 og 225.

Löggæslusvæði 3: 109, 111, 200, 201, 202 og 203.

Löggæslusvæði 4: 110, 112, 113, 116, 270, 271 og 276.

Tafla 2. Samanburður á dreifingu eftir kyni, aldri, og menntun svarenda og þýðis höfuðborgarbúa

	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Hlutfall í þýði
Kyn**			
Karl	522	49,2%	51,1%
Kona	538	50,8%	48,9%
Aldur***			
18-25 ára	78	7,4%	14,3%
26-35 ára	136	12,8%	20,8%
36-45 ára	192	18,1%	18,2%
46-55 ára	205	19,3%	16,1%
56-65 ára	206	19,4%	14,3%
66 ára og eldri	243	22,9%	16,2%
Menntun***^a			
Grunnskólamenntun	82	7,9%	32,6%
Framhaldsskólamenntun	362	35,0%	37,4%
Háskólamenntun	563	54,5%	30,0%

Marktækur munur er á hlutfalli í úrtaki og hlutfalli í þýði; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

^a Skv.manntali Hagstofunnar árið 2011 (fyrir landið allt)

NIÐURSTÖÐUR

Í þessum hluta er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar og hefur umfjölluninni verið skipt í eftirfarandi kafla: 1) viðhorf til starfa lögreglu, 2) sýnileiki lögreglu, 3) aðgengi að lögreglu, 4) traust til lögreglu og viðhorf til lögmætis og heiðarleika og 5) samskipti við lögreglu.


Viðhorf til starfa lögreglu

Aðgerðir lögreglu við að framfylgja reglum og takmörkunum vegna COVID-19

Þátttakendur voru spurðir um skoðun sína á aðgerðum lögreglu við að framfylgja reglum og takmörkunum vegna COVID-19. Sama spurning var lögð fyrir vorið 2020 og má því sjá samanburð milli ára á mynd 1. Þrátt fyrir að meirihluti þátttakanda á höfuðborgarsvæðinu (75%) styðji nú aðgerðir lögreglu vegna COVID-19 hefur aðeins dregið úr stuðningnum frá því árið 2020. Um 9% þátttakenda styðja aðgerðir lögreglu vegna COVID-19 en telja hana í sumum tilfellum hafa gengið of langt.

Í töflu 3 er stuðningur þátttakenda árið 2021 greindur eftir kyni, aldri, búsetu og menntun. Tafla 3 sýnir að konur eru líklegri til að styðja aðgerðir lögreglu en karlar, eða um 79% kvenna samanborið við rúmlega 71% karla. Þá er hlutfall þeirra sem segist styðja aðgerðir lögreglu vegna COVID-19 heilshugar að jafnaði hærra meðal fólks eldra en 35 ára (79,5% - 86,4%) en meðal þeirra sem yngri eru. Einungis 52,3% þátttakenda í yngsta aldurshópnum (18 til 25 ára) styðja aðgerðir lögreglu vegna COVID-19 heilshugar.

Stuðningur þátttakenda við aðgerðir lögreglu vegna COVID-19 er mestur meðal íbúa í Árbær þar sem yfir 92% þátttakenda sögðust styðja aðgerðir lögreglu vegna COVID-19 heilshugar. Stuðningurinn var hlutfallslega minnstur meðal íbúa í miðborginni og Gamla Vesturbænum. Tafla 3 sýnir jafnframt að stuðningur var marktækt meiri meðal þeirra sem hafa lokið háskólaprófi en annarra íbúa.



Mynd 1. Hver af eftirfarandi fullyrðingum lýsir best skoðun þinni á aðgerðum lögreglu við að framfylgja reglum og takmörkunum vegna COVID-19? Samanburður milli 2020 og 2021

Tafla 3. Hlutfall þátttakenda sem studdi aðgerðir lögreglu vegna COVID-19 heilshugar, greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntun

	Heildarfjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Hlutfall
Heild	940	75,2%	75,2%
Kyn**			
Karl	472	71,4%	71,4%
Kona	467	78,9%	78,9%
Aldur***			
18-25 ára	111	52,3%	52,3%
26-35 ára	187	65,3%	65,3%
36-45 ára	176	79,5%	79,5%
46-55 ára	152	80,0%	80,0%
56-65 ára	147	86,4%	86,4%
66 ára og eldri	165	82,8%	82,8%
Búseta***			
Miðborg, Garði Vesturbær	45	47,2%	47,2%
Vesturbær, Seltjarnnes	56	70,3%	70,3%
Hlíðar	81	76,3%	76,3%
Laugardalur, Háaleiti	115	75,0%	75,0%
Breiðholt	80	71,5%	71,5%
Árbær	53	92,1%	92,1%
Grafarvogur, Grafarholt	103	70,6%	70,6%
Kópavogur	144	81,1%	81,1%
Garðabær, Álfanes	78	86,0%	86,0%
Hafnarfjörður	122	71,1%	71,1%
Mosfellsbær, Kjalarnes, Kjósarhr.	64	76,9%	76,9%
Löggæslusvæð			
Löggæslusvæði 1	296	70,3%	70,3%
Löggæslusvæði 2	200	76,9%	76,9%
Löggæslusvæði 3	224	77,7%	77,7%
Löggæslusvæði 4	220	77,6%	77,6%
Menntun**			
Grunnskólanám	283	70,0%	70,0%
Framhaldsskólanám	339	74,3%	74,3%
Háskólanám	278	82,1%	82,1%

Marktækur munur er á hópum: *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001


Mat á árangri lögreglu við að stemma stigu við afbrotum


Um það bil 8 af hverjum 10 telja lögreglu hafa skilað mjög eða frekar góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi. Í töflu 4 kemur jafnframt fram að nokkuð stór hópur þátttakanda segist ekki vita (348 af 1060) hvort lögregla hafi skilað góðu eða slæmu starfi. Hlutfallslegur fjöldi þeirra sem telja lögreglu skila góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum hefur lækkað lítillega á undanförunum árum. Sé einungis litið til 2020 hefur hlutfallið lækkað um 3 prósentustig (sjá töflu 4 og mynd 2). Í sambærilegri könnun sem lögð var fyrir árið 2014 töldu 92% þátttakanda lögreglu hafa skilað góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi.

Það er marktækur munur á viðhorfum eftir aldri, búsetu og menntun (sjá töflu 5). Ánægja með störf lögreglu er mest í elsta aldurshópnum en hlutfallslega minnst meðal fólks á aldrinum 18 til 25 ára. Þó telja tæplega 70% þátttakanda í yngsta aldurshópnum lögreglu hafa skilað góðu starfi. Íbúar í Garðabæ og á Álftanesi eru hlutfallslega flestir ánægðir með störf lögreglu við að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi (um 96%). Hlutfallslega fæstir í Vesturbæ og á Seltjarnarnesi telja lögreglu hafa skilað góðu starfi. Það er ekki marktækur munur á hlutfalli þeirra sem telja lögreglu hafa skilað góðu starfi eftir menntun.

Tafla 4. Þegar á heildina er litið, hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í þínu hverfi til að stemma stigu við afbrotum?


	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög góðu starfi	94	13%	2,0%	13%
Frekar góðu starfi	472	67%	2,8%	67%
Frekar slæmu starfi	110	16%	2,2%	16%
Mjög slæmu starfi	29	4%	1,2%	4%
Fjöldi svara	705	100%		
Veit ekki	348			
Vil ekki svara	7			
Alls	1060			





Mynd 2. Hlutfall sem telur lögreglu hafa skilað mjög eða frekar góðu starfi, samanburður árunna 2008 til 2021

Tafla 5. Hlutfall þátttakenda sem telur lögreglu skila mjög eða frekar góðu starfi til að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi, greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntun



Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Sýnileiki lögreglu

Í töflu 6 kemur fram að um 16% svarenda greindu frá því að þeir sjái lögreglu eða lögreglubíl í sínu hverfi oftár en einu sinni í viku. Einn af hverjum 10 verður aldrei var við lögreglu í sínu hverfi.


Á mynd 3 má sjá að ekki hefur orðið mikil breyting á sýnileika lögreglu á allra síðustu árum. Ef árin 2008 til 2014 eru borin saman við 2021 virðist hafa dregið úr sýnileika lögreglu. Hlutfallslega flestir sögðust sjá lögreglu í sínu hverfi oftár en einu sinni í viku árið 2008 (31%), en það ár var hlutfall þeirra sem sagðist aldrei sjá lögreglu einnig hátt í samanburði við önnur ár (13%).

Í töflu 7 eru svör þeirra sem sjá lögreglumann eða lögreglubíl í sínu hverfi oftár en einu sinni í viku greind eftir kyni, aldri, búsetu og menntun. Marktækur munur er á svörum eftir öllum bakgrunnsþáttum. Mestur er munurinn eftir búsetu. Nærri helmingur (47,7%) þátttakanda sem býr í miðborginni eða í Gamla Vesturbæ verður var við lögreglu oftár en einu sinni í viku. Hlutfallið er hins vegar mun lægra í Mosfellsbæ, á Kjalanesi og í Kjósarhrepp (1,4%) og í Vesturbæ og á Seltjarnarnesi (2,4%). Fólki með háskólamenntun verður síður en aðrir vart við lögreglu í sínu hverfi og konur síður en karlar.

Tafla 6. Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi að jafnaði?²

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Oftár en einu sinni í viku	167	16%	2,2%	16%
2-3 í mánuði til vikulega	330	32%	2,8%	32%
Einu sinni í mánuði eða sjaldnar	436	42%	3,0%	42%
Aldrei	107	10%	1,8%	10%
Fjöldi svara	1040	100%		
Veit ekki	19			
Vil ekki svara	1			
Alls	1060			

² Spurt var: Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi að jafnaði (hér er ekki átt við sýnileika lögreglu t.d. í fjölmiðlum)?



Mynd 3. Hversu oft þátttakendur sjá lögreglumann eða lögreglubíl í sínu hverfi, samanburður árána 2008 til 2021

Tafla 7. Hlutfall þátttakenda sem sjá lögreglumann eða lögreglubíl í sínu hverfi oftar en einu sinni í viku, greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntun

	Heildarfjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Hlutfall
Heild	1040	16,1%	16,1%
Kyn**			
Karl	528	17,2%	17,2%
Kona	514	14,9%	14,9%
Aldur***			
18-25 ára	148	15,7%	15,7%
26-35 ára	200	21,0%	21,0%
36-45 ára	190	20,4%	20,4%
46-55 ára	167	12,4%	12,4%
56-65 ára	151	9,3%	9,3%
66 ára og eldri	184	15,6%	15,6%
Búseta***			
Miðborg, Gamli Vesturbær	47	47,7%	47,7%
Vesturbær, Seltjarnarnes	59	2,4%	2,4%
Hlíðar	95	24,4%	24,4%
Laugardalur, Háaleiti	124	19,4%	19,4%
Breiðholt	85	14,9%	14,9%
Árbær	56	9,3%	9,3%
Grafarvogur, Grafarholt	122	19,1%	19,1%
Kópavogur	159	15,8%	15,8%
Garðabær, Álftanes	86	6,5%	6,5%
Hafnarfjörður	133	17,1%	17,1%
Mosfellsbær, Kjalarnes, Kjósarhr.	72	1,4%	1,4%
Löggæslusvæð*			
Löggæslusvæði 1	328	21,9%	21,9%
Löggæslusvæði 2	218	13,0%	13,0%
Löggæslusvæði 3	244	15,5%	15,5%
Löggæslusvæði 4	251	11,8%	11,8%
Menntun**			
Grunnskólanám	317	17,4%	17,4%
Framhaldsskólanám	374	18,4%	18,4%
Háskólanám	298	11,5%	11,5%

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001


Aðgengi að lögreglunni


Um það bil 19% þátttakenda telja lögreglu mjög aðgengilega og yfir helmingur telur hana frekar aðgengilega (sjá töflu 8). Eins og sjá má á mynd 4 hefur mat höfuðborgarbúa á aðgengi að lögreglu aukist örlítið frá því sem það var á árunum 2019 og 2020. Hlutfallslega flestir töldu lögreglu mjög aðgengilega árið 2013 eða um 78%.

Í töflu 9 eru svör þátttakanda á mati á aðgengi lögreglu greind eftir bakgrunnspáttum. Það er eingöngu marktækur munur á mati á aðgengi eftir búsetu, bæði hverfi og löggæslusvæðis. Hlutfallslega flestir íbúar í Laugardal og í Háaleiti telja lögreglu mjög eða frekar aðgengilega (82,5%) en hlutfallslega færstir íbúar í Breiðholti (53,5%).

Tafla 8. Þegar þú hugsar um aðgengi þitt að lögreglunni, t.d. til að fá þjónustu eða aðstoð þegar á þarf að halda, hversu aðgengileg eða óaðgengileg finnst þér lögreglan vera í þínu hverfi?


	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög aðgengileg	129	19%	2,4%	19%
Frekar aðgengileg	362	53%	3,0%	53%
Frekar óaðgengileg	125	18%	2,3%	18%
Mjög óaðgengileg	68	10%	1,8%	10%
Fjöldi svara	684	100%		
Veit ekki	357			
Vil ekki svara	19			
Alls	1060			





Mynd 4. Mat þátttakenda á aðgengi sínu að lögreglunni árin 2008 til 2021

Tafla 9. Hlutfall þátttakenda sem telur lögreglu vera mjög eða frekar aðgengilega í sínu hverfi, greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntun



Marktækur munur milli hópa *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Traust til lögreglu og viðhorf til heiðarleika og lögmæti lögreglu

Traust til lögreglu


Meirihluti höfuðborgarbúa ber traust til lögreglu. Tæplega 78% svarenda var mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „ég ber traust til lögreglu og starfa hennar“. Um 6% voru mjög ósammála fullyrðingunni.


Á myndum 5 til 7 má sjá breytingar sem hafa orðið á trausti til lögreglu meðal höfuðborgarbúa frá árinu 2014. Á mynd 5 kemur fram að traust til lögreglu hefur lækkað um 2 prósentustig frá því sem það var 2020. Þegar árið 2021 er borið saman við árin þegar traust til lögreglu var mest (árin 2014, 2015, 2017 og 2018 var hlutfallið 85%) er lækkunin aðeins meiri. Mesta lækkunin hefur orðið í hópi þeirra sem segjast *mjög* sammála fullyrðingunni um að þeir beri traust til lögreglu og starfa hennar (sjá mynd 6). Á mynd 7 eru breytingar á trausti til lögreglu greindar eftir aldri og kyni. Á síðustu þremur árum hefur traust til lögreglu lækkað mest í yngsta aldurshópnum (18 til 25 ára). Niðurstöðurnar á mynd 7 gefa jafnframt til kynna að dregið hafi aðeins meira úr trausti til lögreglu meðal kvenna en karla.

Það er marktækur munur á trausti til lögreglu eftir aldri og búsetu (sjá töflu 11). Traust til lögreglu eykst að jafnaði með auknum aldri. Nánast 9 af hverjum 10 í hópi fólks eldra en 65 ára treystir lögreglu en hlutfallið er um 57% meðal þeirra sem eru á aldrinum 18 til 25 ára. Mest er traustið til lögreglu meðal íbúa í Kópavogi en hlutfallslega minnst meðal þeirra sem búa í miðbæ eða í Gamla Vesturbænum.


Tafla 10. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Ég ber traust til lögreglu og starfa hennar?

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	294	29%	2,7%	29%
Frekar sammála	486	48%	3,0%	48%
Hvorki né	115	11%	1,9%	11%
Frekar ósammála	52	5%	1,3%	5%
Mjög ósammála	56	6%	1,4%	6%
Fjöldi svara	1003	100%		
Veit ekki	2			
Vil ekki svara	55			
Alls	1060			






Mynd 5. Hlutfall þátttakenda sem er mjög eða frekar sammála fullyrðingunni: Ég ber traust til lögreglu og starfa hennar, samanburður árána 2014 til 2021




Mynd 6. Hversu sammála eða ósammála ert þú fullyrðingunni: Ég ber traust til lögreglu og starfa hennar, samanburður árána 2014 til 2021



Mynd 7. Hlutfall þátttakenda sem eru mjög eða frekar sammála því að þeir beri traust til lögreglu, greint eftir aldri og kyni á árunum 2018 til 2021

Tafla 11. Hlutfall þátttakenda sem eru mjög eða frekar sammála því að þeir beri traust til lögreglu, greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntun




Marktækur munur milli hópa *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Lögmæti lögreglu

Það er afar mikilvægt fyrir störf lögreglu að borgararnir upplifi hana sem lögmætt yfirvald. Lögmæti lögreglu meðal almennings snýst um það hversu reiðubúið fólk er að vinna með og fylgja fyrirmælum hennar. Til að greina mat almennings á lögmæti lögreglu var notast við fimm spurningar sem birtast á mynd 8 og í töflum 12 til 17.

Um 83% þátttakanda var því sammála að lögreglan sé lögmætt yfirvald og að fyrirmælum hennar beri að fylgja. Tæplega 80% voru mjög eða frekar sammála því að fylgja skuli fyrirmælum lögreglu þó maður sé ósáttur við útkomuna. Um 74% voru sammála því að fylgja skuli fyrirmælum þó maður skilji ekki ástæðurnar sem lagðar eru til grundvallar. Aðeins lægra hlutfall (um 63%) telur að virða skuli ákvarðanir lögreglu jafnvel þó maður telji þær rangar, og einungis 40% er því sammála að það geti komið upp aðstæður þar sem það er í lagi að framfylgja ekki fyrirmælum lögreglu (sjá mynd 7).



Mynd 8. Lögmæti lögreglu: Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum?

Tafla 12. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum? - Lögregla er lögmætt yfirvald og fyrirmælum hennar ber að fylgja?

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	429	43%	3,0%	43%
Frekar sammála	402	40%	3,0%	40%
Hvorki né	93	9%	1,8%	9%
Frekar ósammála	41	4%	1,2%	4%
Mjög ósammála	32	3%	1,1%	3%
Fjöldi svara	997	100%		
Veit ekki	8			
Vil ekki svara	55			
Alls	1060			

Tafla 13. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Fylgja skal fyrirmælum lögreglu, þó maður sé ósáttur við framkomu hennar eða úrlausn ákveðinna verkefna?

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	383	39%	2,9%	39%
Frekar sammála	375	38%	2,9%	38%
Hvorki né	123	12%	2,0%	12%
Frekar ósammála	65	7%	1,5%	7%
Mjög ósammála	39	4%	1,2%	4%
Fjöldi svara	985	100%		
Veit ekki	16			
Vil ekki svara	59			
Alls	1060			

Tafla 14. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum? - Fylgja skal fyrirmælum lögreglu þó maður skilji ekki þær ástæður sem lagðar eru til grundvallar þeim?


	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	354	36%	2,9%	36%
Frekar sammála	375	38%	2,9%	38%
Hvorki né	125	13%	2,0%	13%
Frekar ósammála	92	9%	1,7%	9%
Mjög ósammála	45	5%	1,3%	5%
Fjöldi svara	991	100%		
Veit ekki	12			
Vil ekki svara	57			
Alls	1060			

Tafla 15. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum? - Virða skal ákvarðanir lögreglu jafnvel þó maður telji þær rangar?

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	267	27%	2,7%	27%
Frekar sammála	353	36%	2,9%	36%
Hvorki né	159	16%	2,2%	16%
Frekar ósammála	117	12%	2,0%	12%
Mjög ósammála	84	9%	1,7%	9%
Fjöldi svara	980	100%		
Veit ekki	16			
Vil ekki svara	64			
Alls	1060			

Tafla 16. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum? - Það geta komið upp aðstæður þar sem það er í lagi að framfylgja ekki fyrirmælum lögreglu?

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall	
Mjög sammála	136	15%	2,1%	15%	} 39,8%
Frekar sammála	227	25%	2,6%	25%	
Hvorki né	211	23%	2,5%	23%	
Frekar ósammála	203	22%	2,5%	22%	
Mjög ósammála	133	15%	2,1%	15%	
Fjöldi svara	910	100%			
Veit ekki	93				
Vil ekki svara	57				
Alls	1060				



Niðurstöður í töflu 17 sýna meðaltal allra fimm fullyrðinganna um lögmæti lögreglu greinda eftir bakgrunnspáttum svarenda. Kvarðinn er frá 1 til 5 þar sem fimm merkir að lögreglan hafi mjög mikið lögmæti. Almennt er lítill munur á meðaltölum hópa, en hann er þó marktækur í öllum tilfellum nema þegar kyn er skoðað. Upplifun á lögmæti lögreglu eykst að jafnaði með hækkandi aldri. Lögmæti lögreglu er mest meðal íbúa í Árbæ en minnst meðal íbúa í miðborginni og Gamla Vesturbænum. Höfuðborgarbúar með grunnskólapróf eingöngu eru með örlítið lægra meðaltal á mælingunni á lögmæti lögreglu en þeir sem hafa lengri menntun (eða 3,7 samanborið við 3,8).

Tafla 17. Meðaltal spurninga um lögmæti lögreglu, greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntun³

	Heildarfjöldi eftir vigtun	Meðaltal	Staðal- frávik	Meðaltal
Heild	910	3,8	0,9	3,8
Kyn				
Karl	504	3,8	0,7	3,8
Kona	499	3,8	0,7	3,8
Aldur***				
18-25 ára	127	3,4	0,9	3,4
26-35 ára	197	3,6	0,8	3,6
36-45 ára	187	3,8	0,6	3,8
46-55 ára	162	3,8	0,7	3,8
56-65 ára	150	4,0	0,5	4,0
66 ára og eldri	181	4,0	0,6	4,0
Búseta***				
Miðborg, Gamli Vesturbær	46	3,1	0,9	3,1
Vesturbær, Seltjarnarnes	56	3,6	0,8	3,6
Hlíðar	89	3,6	0,7	3,6
Laugardalur, Háaleiti	126	3,8	0,6	3,8
Breiðholt	83	3,8	0,8	3,8
Árbær	53	4,1	0,5	4,1
Grafarvogur, Grafarholt	118	3,7	0,8	3,7
Kópavogur	151	3,8	0,6	3,8
Garðabær, Álftanes	83	3,9	0,6	3,9
Hafnarfjörður	125	3,7	0,8	3,7
Mosfellsbær, Kjalarnes, Kjósarh	73	3,9	0,6	3,9
Löggæslusvæði***				
Löggæslusvæði 1	317	3,6	0,8	3,6
Löggæslusvæði 2	207	3,8	0,7	3,8
Löggæslusvæði 3	234	3,8	0,7	3,8
Löggæslusvæði 4	245	3,9	0,7	3,9
Menntun*				
Grunnskólamenntun	305	3,7	0,8	3,7
Framhaldsskólamenntun	361	3,8	0,7	3,8
Háskólamenntun	296	3,8	0,6	3,8


Marktækur munur milli hópa *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

³ Kvarðinn er frá 1 til 5, þar sem 5 merkir að allir svarendur í viðkomandi hópi hafi verið mjög sammála öllum fullyrðingunum um lögmæti. Staðalfrávik segir til um hversu mikill breytileiki var á svörum milli þátttakanda í hverjum hópi. Því hærra staðalfrávik því meiri er breytileiki milli svaranda.


Heiðarleiki lögreglu

Notaðar voru tvær spurningar til að skoða mat þátttakanda á heiðarleika lögreglu. N iðurstöður sýna að mikill meirihluti höfuðborgarbúa telja lögreglu heiðarlega og að hún vinni í þágu almennings. Yfir 79% svarenda voru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni að lögreglan í þeirra hverfi væri almennt heiðarleg (sjá töflu 18) og 83% að lögreglan vinni í þágu almennings (sjá töflu 19).

Tafla 18. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Lögreglan í mínu hverfi eða byggðarlagi er almennt heiðarleg?




Tafla 19. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Lögreglan í vinnur í þágu almennings?



Samskipti við lögreglu


Um 29% svarenda höfðu leitað eftir einhvers konar þjónustu eða aðstoð lögreglu á síðastliðnu ári (2020). Þetta er heldur lægra hlutfall en árið 2019 þegar 35% höfðu leitað til lögreglu (sjá mynd 9). Á mynd 10 kemur fram að af þeim sem leituðu eftir þjónustu eða aðstoð lögreglu hringdu flestir í Neyðarlínuna (112).

Í töflu 20 eru svör þeirra sem leituðu eftir aðstoð eða þjónustu lögreglu skipt upp eftir kyni, aldri, búsetu og menntun. Það er ekki tölfræðilega marktækur munur á svörum kvenna og karla, en töluverður munur á svörum ólíkra aldurshópa. Um 42% þátttakenda á aldrinum 18 til 25 ára og 26 til 35 ára höfðu leitað eftir þjónustu lögreglu á árinu 2020 en hlutfallið var minna meðal eldri þátttakenda (14 - 31%). Meðal svarenda í miðborg og Gamla Vesturbænum sem og í Hlíðum höfðu 40% leituðu eftir aðstoð eða þjónustu lögreglu en í Garðabæ og á Álftanesi höfðu tæp 13% leitað til lögreglu.



Mynd 9. Hlutfall þátttakenda sem leitaði eftir þjónustu lögreglu frá 2014 til 2020 (spurt er um árið áður en könnun er lögð fyrir)⁴

⁴ Spurt var: Ef þú hugsar um árið 2020, leitaðir þú eftir þjónustu/aðstoð lögreglu með einhverjum af eftirtöldum hætti? ...



Mynd 10. Tegund þjónustu eða aðstoð lögreglu sem þátttakendur leituðu eftir á árinu 2020

Tafla 20. Hlutfall þátttakenda sem leitaði eftir þjónustu eða aðstoð lögreglu, greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntun

	Heildarfjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Hlutfall
Heild	1039	28,8%	28,8%
Kyn			
Karl	518	28,3%	28,3%
Kona	518	29,2%	29,2%
Aldur***			
18-25 ára	136	41,9%	41,9%
26-35 ára	200	41,5%	41,5%
36-45 ára	190	31,2%	31,2%
46-55 ára	167	22,6%	22,6%
56-65 ára	155	22,7%	22,7%
66 ára og eldri	188	13,9%	13,9%
Hverfi **			
Miðborg, Gamli Vesturbær	49	40,1%	40,1%
Vesturbær, Seltjarnarnes	56	34,4%	34,4%
Hlíðar	91	39,9%	39,9%
Laugardalur, Háaleiti	126	34,1%	34,1%
Breiðholt	86	32,2%	32,2%
Árbær	57	26,3%	26,3%
Grafarvogur, Grafarholt	122	29,3%	29,3%
Kópavogur	160	24,6%	24,6%
Garðabær, Álftanes	86	12,9%	12,9%
Hafnarfjörður	127	25,5%	25,5%
Mosfellsbær, Kjalarnes, Kjósarhr.	74	24,7%	24,7%
Löggæslusvæði**			
Löggæslusvæði 1	322	36,7%	36,7%
Löggæslusvæði 2	214	20,4%	20,4%
Löggæslusvæði 3	246	27,2%	27,2%
Löggæslusvæði 4	253	27,3%	27,3%
Menntun**			
Grunnskólamenntun	307	35,5%	35,5%
Framhaldsskólamenntun	375	25,4%	25,4%
Háskólamenntun	301	28,7%	28,7%

Marktækur munur milli hópa *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Þátttakendur sem höfðu leitast eftir aðstoð lögreglu voru beðnir að svara því til með hvaða hætti þeir höfðu höfðu haft samband. Svör þeirra voru þvínæst greind eftir kyni, aldri, búsetu og menntun og má sjá í töflu 21. Þegar munur milli hópa er tölfræðilega marktækur er hæsta prósentuhlutfallið feitletrað. Vegna smæðar hópsins eru ekki birtar upplýsingar um hlutfall þátttakanda sem leitaði eftir þjónustu lögreglu í gegnum 112 vefinn né í gegnum Bjarkarhlíð eða Bjarmahlíð.

Ekki er marktækur munur á svörum karla og kvenna en munur reyndist marktækur milli aldurshópa í flestum tilfellum. Þátttakendur á aldrinum 18 til 25 ára voru líklegri til að hafa hringt í neyðarlínuna á árinu 2020 (36,2%) en eldri þátttakendur. Hlutfall þeirra sem hafði hringt í neyðarlínuna fer lækkandi með hækkandi aldri og sama mynstur birtist þegar skoðað er hlutfall þeirra sem fóru á lögreglustöð. Fólk á aldrinum 26 til 35 ára var líklegra til að nýta sér samfélagsmiðla lögreglu en þátttakendur á öðrum aldursbilum.

Nokkuð hátt hlutfall íbúa í Hlíðunum hringdu á neyðarlínuna á árinu 2020, eða rúmlega 26%, en íbúar í því hverfi voru jafnframt líklegastir til að hafa samband við lögreglu í gegnum samskiptamiðla. Yfir 20% íbúa í miðborg og í Gamla Vesturbænum hringdu á lögreglustöð á síðasta ári en hlutfallið var mjög lágt meðal íbúa í Garðabæ og á Álftanesi og Árbæ.

Þegar búsetu hefur verið skipt upp eftir löggæslusvæðum má sjá að íbúar á löggæslusvæði 1 (pnr: 101, 102, 103, 104, 105, 107, 108 og 170) voru líklegastir til að nýta sér flestar tegundir þjónustu eða aðstoð lögreglu. Aðeins fleiri íbúar sem hafa lokið grunnskólanámi nýttu sér þjónustu eða aðstoð lögreglu árið 2020 en íbúar með lengri menntun.

Tafla 21. Hlutfall þátttakenda sem leitaði eftir þjónustu lögreglu, greint eftir samskiptaleið, kyni, aldri, búsetu og menntun



	Hringdi í neyðarlinuna	Nýtti mér samfélagsmiðla	Hringdi á lögreglustöð	Fór á lögreglustöð	Í gegnum heimasíðuna	Sendi lögreglunni tölvupóst
Kyn						
Karl	18,3%	5,4%	8,4%	5,6%	1,5%	3,8%
Kona	16,8%	8,2%	6,1%	5,1%	2,0%	3,8%
Aldur						
	***	***	***	***	óg	***
18-25 ára	36,2%	10,8%	8,2%	11,8%	1,8%	0,9%
26-35 ára	24,1%	13,2%	10,2%	6,8%	0,8%	5,5%
36-45 ára	15,6%	8,7%	12,4%	5,9%	6,2%	4,8%
46-55 ára	11,6%	3,2%	5,0%	2,2%	1,0%	2,8%
56-65 ára	11,0%	3,7%	4,6%	5,9%	0,0%	6,8%
66 ára og eldri	9,9%	1,2%	2,4%	1,1%	0,4%	1,4%
Hverfi						
	*	**	**	óg	óg	*
Miðborg, Gamli Vesturbær	22,3%	11,1%	20,5%	4,7%	2,6%	6,2%
Vesturbær, Seltjarnarnes	17,8%	9,9%	7,5%	0,0%	3,7%	6,1%
Hlíðar	26,4%	12,7%	11,5%	8,8%	0,9%	6,0%
Laugardalur, Háaleiti	24,8%	1,4%	7,4%	9,7%	1,6%	3,3%
Breiðholt	17,3%	7,9%	10,6%	11,0%	6,7%	9,5%
Árbær	18,3%	7,8%	2,6%	0,0%	1,1%	1,3%
Grafarvogur, Grafarholt	15,7%	9,8%	9,0%	5,1%	0,9%	5,1%
Kópavogur	16,5%	4,4%	4,5%	5,2%	0,8%	1,9%
Garðabær, Álftanes	7,1%	1,0%	1,6%	1,0%	2,2%	1,8%
Hafnarfjörður	15,0%	9,2%	4,1%	2,7%	1,2%	1,8%
Mosfellsbær, Kjalarnes, Kjósarhr.	12,4%	4,6%	7,5%	6,2%	0,0%	1,6%
Löggæslusvæði						
	**	**	**	**	óg	**
Löggæslusvæði 1	23,6%	7,6%	10,6%	7%	1,9%	5%
Löggæslusvæði 2	11,8%	5,9%	3,1%	2,0%	1,6%	1,8%
Löggæslusvæði 3	16,8%	5,6%	6,6%	7,2%	2,8%	4,5%
Löggæslusvæði 4	15,3%	7,8%	7,1%	4,3%	0,7%	3,2%
Menntun						
	*	**	*	***	óg	óg
Grunnskólanám	21%	10,6%	9,7%	11,6%	1,7%	4,3%
Framhaldsskólanám	16,5%	4,5%	6,1%	2,5%	1,9%	3,6%
Háskólanám	17,2%	7,0%	6,7%	3,0%	2,0%	3,8%

Marktækur munur milli hópa *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Meirihluti þeirra sem leituðu til lögreglu á árinu 2020 voru ánægðir með þjónustuna eða aðstoðina sem veitt var. Þegar á heildina litið voru um 78% þeirra sem leita til lögreglu ánægðir (sjá töflu 22). Mest var ánægjan meðal þeirra sem leituðu til lögreglu í gegnum Bjarkarhlíð/Bjarmahlíð. Ánægjan var minnst meðal þeirra sem sendu lögreglu tölvupóst eða leituðu til lögreglu í gegnum heimasíðuna, þó yfir helmingur í báðum tilvikum (sjá mynd 11).

Tafla 22. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með þjónustu/aðstoð lögreglu árið 2020?

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð(ur)	70	27%	5,3%	27%
Frekar ánægð(ur)	136	52%	6,0%	52%
Frekar óánægð(ur)	48	18%	4,7%	18%
Mjög óánægð(ur)	10	4%	2,3%	4%
Fjöldi svara	264	100%		
Á ekki við	745			
Veit ekki	23			
Vil ekki svara	28			
Alls	1060			

Mynd 11. Hlutfall þátttakenda sem leitaði eftir þjónustu lögreglu og var mjög eða frekar ánægð með þjónustuna, greint eftir samskiptaleið